

Ed. **460. Frumvarp til laga** [261. mál]
um breyting á lögum nr. 31 5. maí 1970 um dýralækna.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

Síðasta málsgrein 9. greinar orðist þannig:

Ráðherra setur reglur um framkvæmd eftirlits þessa og nauðsynlegar ráðstafanir til þess að stöðva sölu á mjólk, sem vegna sjúkdóma eða óþrifnaðar gæti talist varasöm fyrir heilbrigði neytenda.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eitt af verkefnum dýralækna er að fylgjast með framleiðslustöðum mjólkur og heilbrigði nautgripa.

Mjólk er vandmeðfarin matvara, og við framleiðslu hennar verður að gera hinar ströngustu kröfur um hreinlæti og heilbrigði gripa.

Nauðsynlegt er, að dýralæknar hafi heimild að lögum til að stöðva sölu á mjólk frá þeim stöðum, sem ekki fullnægja kröfum laga og reglugerða um hreinlæti og heilbrigði.

Heimild dýralækna til slíkra aðgerða hefur verið véfengd, og til þess að taka af tvímæli er þetta frumvarp til lagabreytingar borið fram.